

Bekkjarnámskrá
Grunnskóla Hornafjarðar
2023 - 2024



9. bekkur

Efnisyfirlit

Lykilhæfni	3
Grunnþættir menntunar	4
Námsaðlögun	4
Leiðsagnarnám	4
Íslenska	6
Stærðfræði	15
Samfélagsgreinar	21
Landafræði	24
Saga	24
Lífsleikni	25
Náttúrufræði	25
Erlend tungumál	29
Enska	29
Danska	32
List- og verkgreinar	35
Leiklist	35
Heimilisfræði	38
Hönnun og smíði	39
Textílmennt	40
Sjónlistir- Myndmennt	42
Upplýsinga- og tæknimennt - Nýsköpun og tölvur	43
Fab lab hönnunarsmiðja	45
Skólaíþróttir og sund	47
Íþróttir	47
Sund	48

Lykilhæfni

Lykilhæfni skiptist í sex þætti, fimm eru lagðir til í Aðalnámskrá en þann sjötta leggur skólinn til í tengslum við uppeldi til ábyrgðar. Mikil áhersla er lögð á að vinna með lykilhæfnina og að matið á henni fari fram í nánu samstarfi nemenda, foreldra og kennara. Lykilhæfniþættirnir eru skilgreindir á hverju skólastigi fyrir sig og þannig gerðir aðgengilegir fyrir foreldra og nemendur. Lykilhæfnin felst ekki einungis í frammistöðu í tímum heldur einnig því hvernig nemendur standa sig í skólanum almennt, í félagslífi, frímínútum o.s.frv. Lykilhæfni þættirnir eru þessir:

Lykilhæfni	Ábyrgð og mat á eigin námi	Tjáning og miðlun	Sjálfstæði og samvinna	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Nýting miðla og upplýsinga	Dugnaður og þrautseigja
Skilgreining	Hæfni nemanda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu. Það gerir hann með því að:	Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum. Það gerir hann með því að;	Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Það gerir hann með því að:	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu. Það gerir hann með því að:	Hæfni nemanda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnni hátt. Það gerir hann með því að:	Nemandi sýnir dugnað og þrautseigju með því að:
Dæmi um markmið í 9. bekk	<ul style="list-style-type: none"> · Fylgja fyrirmælum. · Meta stöðu sína. · Setja sér markmið. 	<ul style="list-style-type: none"> · Hlusta á aðra. · Tjá sig skilmerkilega. · Geta fært rök fyrir máli sínu. 	<ul style="list-style-type: none"> · Sýna kurteisi og jákvæðni í samskiptum. · Leggja sitt af mörkum í hópstarfi · Reyna sjálfur að leysa verkefni. 	<ul style="list-style-type: none"> · Sýna frumkvæði. · Vera skapandi við vinnu og lausn verkefna. · Vera gagnrýnni við vinnu og lausn verkefna. 	<ul style="list-style-type: none"> · Afla sér upplýsinga með gagnrýnum hætti. · Nýta sér mismunandi miðla. · Geta unnið úr upplýsingum og miðlað þeim. 	<ul style="list-style-type: none"> · Nýta tímann vel. · Gefast ekki upp þótt verkefni séu krefjandi. · Nálkast verkefni með jákvæðu hugarfari. · Leita lausna.

Skýringar á bókstöfum í lykilhæfni eru: **A= Gerir sitt allra besta.** **B= Gerir vel.** **C= Leggur sig þokkalega fram.** **D= Leggur sig lítið fram.**

Grunnþættir menntunar

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá 2011 er kveðið á um sex grunnþætti menntunar sem skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum skóla. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í Grunnskóla Hornafjarðar var þessum grunnþáttum fagnað því þeir styðja við stefnu skólans og efla starfsfólk í að vinna með þá þætti sem móta grunninn að skólabragnum. Þættir eins og uppeldi til ábyrgðar, heilsueflandi grunnskóli og umhverfisstefna skólans taki vel á þáttunum heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum og sjálfbærni og jafnrétti. Grunnþættirnir styðja þannig við stefnu skólans og mikilvægt að vinna henni áfram brautargengi. Sköpunarþátturinn og læsisþátturinn njóta sín líka innan stefnu skólans en þeim er þó gert sérstaklega hátt undir höfði í einstaka greinum.

Sjá nánar á:

<https://namskra.is/books/adalnamskrarunnskola2011/almennmenntun/grunnthaettirmenntuna>

Námsaðlögun

Í Grunnskóla Hornafjarðar er leitast við að mæta þörfum allra nemenda í námi. Það getur þýtt að bráðgerir námsmenn hafi tækifæri til að dýpka nám sitt og haldið áfram í námi og aðrir námsmenn fari hægar yfir og fái jafnvel meiri aðstoð. Í öllum tilvikum fá nemendur aðlagð námsefni að sínum þörfum. Ólíkir hæfileikar, áhugamál og þarfir nemenda kalla á ólíka nálgun.

Leiðsagnarnám

Grunnskóli Hornafjarðar vinnur eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms og hefur það að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Leiðsagnarnám er hugtak sem er notað sem regnhlífariheiti yfir aðferðafræði Shirley Clarke sjá bækling um leiðsagnarnám frá Reykjavíkurborg (<https://nammedleidsogn.files.wordpress.com/2018/11/baeklingurleidsagnarnam.pdf>)

Tilgangur leiðsagnarnáms er að valdefla nemendur, svo þeir verði færir um að taka ábyrgð á eigin námi.

Leiðsagnarnám byggir á fimm stöðum sem saman leiða að jákvæðari námsmenningu þar sem mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr og skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi. Leiðsagnarnám snýst fyrst og fremst um framfarir einstaklingsins. Nemendur fá stöðuga endurgjöf um náms sitt, hvaða framfarir hafa orðið ásamt ábendingum um hvernig hann getur bætt sig.

Stefnan er að leiðsagnarnám einkenni námsmenningu skólans og að verkfæri og aðferðir þess séu áberandi í öllum skólastofum.

Aðferðir leiðsagnarnáms eru raunprófaðar og rannsakaðar aðferðir sem reynst hafa áhrifaríkar til að bæta námsárangur (<https://visible-learning.org/hattie-ranking-influences-effect-sizes-learning-achievement/>)

Íslenska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf mynda þann fyrsta, síðan lestur og bókmenntir, þá ritun og að síðustu málfræði.

Talað mál, hlustun og áhorf

Markmið er að nemandi:

- geti tjáð sig skýrt og tileinki sér áheyrilega framsögn og viðeigandi talhraða
- geri sér grein fyrir að til eru ólíkar áherslur í lestri og tali, tónfalli, hrynjanda og fasi
- noti leiðbeiningar um framsögn í eigin málflutningi fyrir ólíka miðla
- taki virkan þátt í samræðum og rökræðum
- þjálfist í að rökstyðja mál sitt og geti valið þann miðil sem hentar
- geti hlustað af athygli og nýtt sér upplýsingar sem þar koma fram og greint frá upplifun sinni
- geti aflað sér upplýsinga af ólíkum miðlum og tekið afstöðu til þess sem þar er birt
- átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi

Lestur og bókmenntir

Markmið er að nemandi:

- geti lesið almenna texta með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- notað þekkingu og fyrri nám ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta og beitt við það lestraraðferðum eins og hraðlestri, skimunarlestri, punktalestri, djúplestri og yndislestri
- greint og fjallað um aðalatriði og aukaatriði í texta og tekið niður efnisorð og áttað sig á hvað tengir þau
- vinni með eðli og einkenni margvíslegra textategunda í ólíku málsniði og þjálfist í að gera öðrum grein fyrir því
- lesi gamlar og nýjar bókmenntir eftir íslenska og erlenda höfunda þar á meðal Íslendingasögu, ljóð og bókmenntir ætlaðar unglíngum og rætt um þau áhrif sem textinn hefur á hann
- greint að frásagnarháttur bókmennta er mismunandi svo sem einfaldur, fagaður, flókinn, hlutlægur, hægur, hraður, ljóðrænn og raunsær
- beitt bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem innri og ytri tími, sjónarhorn, hugblæ, söguvið, boðskap, bygging, persónusköpun og stíl

- beiti hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, viðlíkingu, myndlíkingu, persónugervingu, beinni mynd, hugblæ og boðskap
- afli sér heimilda úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, vinni úr þeim og nýti við lausn verkefna, leggi gagnrýnið mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga
- lesi og vinni með tölulegar og myndrænar upplýsingar og meti með gagnrýnni hugsun
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju og tekið þátt í umræðum og rökræðum um viðfangsefnið

Ritun

Markmið er að nemandi:

- fái ríkuleg tækifæri til að þróa áfram læsilega og persónulega rithönd
- beiti algengum aðgerðum í ritvinnslu, æfi sig í að setja fram ritað mál í mismunandi ritvinnsluforritum og á margvíslegum miðlum og noti orðabækur til réttitunar á texta
- beiti skipulögðum vinnubrögðum við ritun sem inniheldur efnisgrind, (inngang, meginmál og lokaorð), og geti sett upp texta með spássíu, málsgreinum og efnisgreinum
- fái ríkuleg tækifæri til að semja texta frá eigin brjósti, skapi lifandi myndir hvort sem er úr eigin reynsluheimi eða ímynduðum heimi í fjölbreyttu rituðu máli, og sagt frá eða lesið upp fyrir hóp
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hafi náð valdi á þeim og viti að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
- geti lesið ólíka texta og kynnist sérkennum rithöfunda í textagerð, æfist í að skrifa texta á tölvu og beiti fjölbreyttum aðgerðum í ritvinnslu, og þjálfist í uppsetningu heimildaskráa
- æfi sig í að skrifa mismunandi málsnið og tengi við það texta, mynd og hljóð eftir því hver viðtakandinn er

Málfræði

Markmið er að nemandi:

- efli orðaforða og orðaskilning
- vinni með móðurmálið og rækti með sér áhuga á því og vitund um málkunnáttu
- þrói leikni og þjálfun í móðurmálinu og styrki þannig trú á eigin getu
- læri að þekking á móðurmálinu fylgir sköpunarmáttur svo sem nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap
- nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- þekki alla orðflokka, fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð og undirflokka þeirra
- þekki beygingaratriði fallorða og sagnorða og átti sig á því hvaða orðmynd er uppflettmynd þeirra (kenniföll, kennimyndir)

- þekki mun á beinni og óbeinni ræðu og skilji merkingarmun á framsöguhætti og viðtengingarhætti í því samhengi
- geti fullgreint texta í orðflokka
- þekki beygingarendingar og geti nýtt sér þær við stafsetningu
- vinni áfram með helstu hugtök í tengslum við orðmyndun, s.s. forskeyti, viðskeyti og stofn orða
- nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- skilji hugtökin setning, málsgrein og efnisgrein og geti nýtt sér þau í sambandi við greinamerkjasetningu, leiðréttingar og frágang texta
- geti notað nokkur málfræðihugtök til að lýsa mun á íslensku máli og erlendu, t.d. orðaröð
- þekki og geti útskýrt mun orðtaka og málshátta og geti notað algenga málshætti og orðtök í daglegu máli
- efli áhuga á að vanda mál sitt sem mest og láta það hafa aðstæðum hverju sinni
- þekki mismunandi málnotkun og málsnið eftir efni og tilefni. Átti sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og átti sig á framburðareinkennum eftir landshlutum
- æfist í að yfirfæra málfræðiþekkingu sína og noti sér hana í tungumálanámi

Leiðir

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og mikilvægi heildstæðs íslenskunáms þar sem hver þáttur námsins styrkir við aðra þætti. Með fjölbreyttum kennsluháttum er m.a. átt við innlagnir, umræður, þemavinnu, söguramma, hópstarf, einstaklingsvinnu, verkefnavinnu og fleira. Kennsluáðferðir og vinnubrögð í skólanum eiga að taka mið af þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að og einnig þeirri skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemenda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska.

Talað mál, hlustun og áhorf

Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að tjá sig, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra. Nemendur eru hvattir til að tala skýrt og áheyrilega og segja skipulega frá t.d. þegar þeir kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum. Mikilvægt er að nemendur taki þátt í að koma fram og tjá sig fyrir framan hóp. Þessi er fylgt eftir með samkomuhaldi eða í rafrænu formi. Þá mætti hugsa sér að taka upp leikþætti, upplestur, söng eða aðra tjáningu og sýna það efni stærri hóp. Í 9. bekk ættu allir að hafa tamið sér þær reglur sem gilda þegar margir vilja tjá sig og sýni kurteisi og virðingu, sérstaklega þegar aðrir segja frá og hafa orðið. Nemendur í 9. bekk eiga að fá rík tækifæri til að hlusta á upplestur á sögum, ljóðum eða öðru efni og sýna flytjendum tillitsemi, hvort sem er inn í kennslustofunni eða á öðrum viðburðum á vegum skólans.

Lestur og bókmenntir

Nemendur í 9. bekk lesa mismunandi texta í einni kennslustund á dag. Mikilvægt er að nemendur fái rík tækifæri til að lesa upphátt og í hljóði. Gott er að byrja kennslustund

á lestri 10 – 15 mínútur. Í framhaldi af því er gott að fram fari umræða um innihald texta og jafnvel úrvinnsla.

Í 9. bekk eiga nemendur að lesa a.m.k. 70 bls. á viku í bókmenntum. Í þessu samhengi er mikilvægt að skólinn eigi bekkjarsett af kjörbókum þannig að nemendur fái tækifæri til að lesa texta á sama tíma og bera saman lestrarupplifun sína. Einnig eiga nemendur í 9. bekk að lesa bókmenntatexta að eigin vali. Tryggja þarf að allar bækur sem lesnar eru séu aðgengilegar sem hljóðbækur.

Lestrarátök eru tvö yfir veturinn, eitt að hausti og vori. Lestrarátökin eru miðuð við hæfi hvers og eins.

Heimalestur: Samkvæmt lestrarstefnu Grunnskóla Hornafjarðar eiga nemendur að lesa heima daglega í a.m.k. 10 mínútur upphátt og í hljóði. Nemendur í 8. – 10. bekk eiga að geta lesið 140 – 210 orð á mínútu. Mikilvægt er að viðhalda þessum leshraða með góðri æfingu. Allar mælingar sýna að nemendum hrakar í lestri ef engin er æfingin.

Foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir heimalesturinn á þar til gerð blöð. Gott er að ræða innihald textans eftir lesturinn. Um hvað er textinn? Hvert er aðalatriðið, aðalpersóna o.fl.

Ritun

Nemendur í 9. bekk eiga að geta skrifað texta þar sem þeir tjá sig um eigin upplifanir. Ritun er þannig í raun tæki til sköpunar. Hvort sem ritunin byggir á lestri mismunandi texta eða annarri upplifun þá ættu nemendur að fá fjölbreytt tækifæri til tjáningar á mismunandi formi. Ritun getur verið skrifaður texti sem fylgir settum reglum og formi. Ritun getur líka verið myndband, leikþáttur, dans o.fl.

Lestraráætlun fyrir 9. bekk

Viðmið um árangur eru **140 - 210 orð á mínútu** við lok skólaárs.

	Hvað	Hverjir	Viðbót	Tímabil	Mat	Markmið
Allir	Lesna heima og í skóla daglega – Þeir sem lesa undir 250 atkv. lesa upphátt	Nemandi Umsjónarkennarar Foreldrar		25. ág. – 1. júní	Lesfimi: A-próf í september og maí. B-próf í janúar. Lestrarmiði Matsrammi fyrir lestrarlag, MMS	Auka leshraða og skilning. Aukinn orðaforði
Allir	Yndislestur	Umsjónarkennarar		25. ág. – 1. júní	Lestrarmiði -	Auka ánægju af lestri, leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Pals	Allir kennarar Umsjónakennarar velja í pör.		Frá jan – mars Ísl. og samf.fr. í jan nátt. og enska í febr. stæ. og danska í mars	Lesskilningspróf í nóv og maí -	Auka leshraða og skilning. Aukinn orðaforði.
Allir	Lestraráttak (tvær vikur)	Umsjónarkennarar		19.-30. okt 5. – 20. apríl. Sameiginlega í bæði skiptin.	Raddlestrarpróf	Auka leshraða og skilning
Allir	Framsögn	Umsjónarkennarar/kennarar	Framsögn á ritunarverkefni/eigin texta		Framsagnarpróf allir 1-2X yfir veturinn	Efla færni nemenda í að lesa upphátt – Tjáning og miðlun

Allir	Hraðlestrarnám-skeið -Lestu Nú kaflar 11 – 20	Umsjónakennari		nóv. – des. 4 – 5 vikur	Framfarir samkvæmt skráningum og framfarapróf	Að auka leshraða og lesskilning.
Allir	Hugtök	Allir kennarar	Gera hugtök sýnileg í skólastofunni	25. ág. – 1. júní	Námsmat almennt	Efla málkilning og orðaforða

9.bekkur – vinna með lesskilning

	Hvað	Hverjir	Tímabil	Mat
Allir	Hlustunar og lesskilningur (sögukort bls.99-100) Að greina aðalatriði (140-152).	Allir kennarar	Allt skólaárið	Umræður, endursögn, úrdráttur, forspá, ályktunarhæfni, beinar og opnar spurningar
Allir	Orðavinna (bls.123-126)	Allir kennarar	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka
Allir	„Ekki finnast svör við öllum spurningum“ (bls.137-138)	Allir kennarar	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka
Allir	Spurningavefur (bls. 139-140)	Allir kennarar	Allt skólaárið	Verkefni/kort
Allir	Að lesa, skrifa og spjall (bls. 129-131)	Allir kennarar	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka
Allir	Kann – vill vita – hef lært (bls.186- 195)	Allir kennarar	Allt skólaárið	Verkefnablöð/bækur, virgni, þátttaka
Allir	Orðavefir (bls. 152-162)	Allir kennarar	Allt skólaárið	Verkefnablöð/bækur, virgni, þátttaka

Grunnskóli Hornafjarðar 2023 - 2024

Blaðsíðutöl vísa til bókarinnar Eflum lesskilning eftir Bergljótu Vilhelmínu Jónsdóttur.

Ritun í 9. bekk

Eftirfarandi verklag verður notað fyrir skipulag á ritun í 9. bekk.

Uppsetning og frágangur

- Spássía
- Greinaskil sem byggir á inngangi, meginmáli og lokaorðum
- Fyrirsögn/heiti
- Nafn, fag, bekkur
- Læsileg skrift
- Lesa yfir það sem ritað hefur verið
- Fylgja fyrirmælum t.d. um orðafjölda, letur og línubil
- Uppsetning og skráning heimilda
- 6 víddir + 1 (framsetning)

Viðfangsefni

- Fylgja fyrirmælum t.d. um efni
- Heimildaritgerð, vinna rétt með heimildir,
- Sjálfmiðuð ritun/naflaritun
- Frásagnaritun
- Rökfærsluritun æfist í að rökstyðja mál sitt
- Skapandi ritun
- Leiðbeiningar
- Gagnrýni, kvikmyndir og bækur
- Útdráttur (Finna aðalatriði)
- Handrit
- Fáí ríkuleg tækifæri til að fjalla um texta sem þau lesa
- Æfi sig í að skrifa mismunandi málsnið eftir því hver viðtakandinn er
- 6 víddir + 1 (setningaflæði og rithefðir)

Stafsetning

- Upprifjun á stafsetningareglum
- Vanda stafsetningu
- Nemandi læri að nýta sér leiðréttingaforrit í tölvum

Málfar og bygging/stíll

- Frásögn er rétt uppbyggð með upphafi, meginmáli og lokaorðum
- Upphaf: Persónur, staðsetning og/eða efni kynnt
- Meginmál: vel skipulagt, atburðarás eðlileg, gott flæði, augljós orsök og afleiðing
- Lokaorð: Rökréttur endir
- Lipur frásögn og lýtalaust mál
- Bygging setninga rétt
- Skipting í málsgreinar
- Halda sig við sama sjónarhorn (sömu persónu)
- 6 víddir + 1 (skipulag og rödd) = bygging
- 6 víddir + 1 (orðaval) = málfar

<ul style="list-style-type: none"> • KISS aðferðin (stutt og einfalt) keep it short and simple • Þjálfari gott málfar t.d. að skrifa í sömu tíð það sem fjallað er um, orðaröð, bein og óbein ræða. • Efni skipulega sett fram
<p>Námsmat Námsmat sbr. Matsviðmið úr samræmdum prófum: Bygging og stíll Efnistöð Málfar Stafsetning</p>
<p>Viðmið í lok 9. bekkjar Að nemendur geti ritað 250 orð á 40 mín. í tímaritun. Að jafnaði ein ritun á viku. Getu nýtt tvær til þrjár heimildir á réttan hátt. Getu gert heimildaskrá, efnisyfirlit og forsíðu.</p>

<p>Lesi</p> <p>Bók</p> <p>Tímarit</p> <p>Vefefni</p> <p>Kort</p> <p>Skilti</p> <p>Leiðbeiningar</p>	<p>Nám</p> <p>Melting / ígrundun</p> <p>Umræður</p>	<p>Ritun</p> <p>Bók</p> <p>Tímarit</p> <p>Vefefni</p> <p>Kort</p> <p>Skilti</p> <p>Leiðbeiningar</p>
<p>Sjá</p> <p>Bíó</p> <p>You- tube</p> <p>Leikrit</p> <p>Málverk</p> <p>Hluti</p>		<p>Ritun</p> <p>Bíó</p> <p>You- tube</p> <p>Leikrit</p> <p>Málverk</p> <p>Hluti</p>

Heyra		Ritun
Lag		Lag
Upplestur		Upplestur
Söngur		Söngur

Málfræði

Í 9.bekk ljúka nemendur yfirferð um reglur málfræðinnar. Málfræði á eftir fremsta megni að vera tengd öðrum þáttum íslenskunáms. Leiðir til að tengja málfræðinám við aðra þætti eru t.d. aðferð eins og Orð af orði, og aðferðum sem finna má í Kveikjum eftir Davíð A. Stefánsson og Sigrúnu Valdimarsdóttur. Málfræði verður stundum að nálgast óhlutbundið. Bækurnar Málið í mark geta nýst vel en þær eru þrjár talsins: nafnorð, sagnorð og óbeygjanleg orð. Einnig geta ljósrit og verkefni úr bókinni Gullvör eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson nýst vel.

Námsmat

Nemendum er gerð grein fyrir í upphafi hvernig annar hver markmiðin eru og hvernig skal meta þau. Ýmist er um hefðbundin próf að ræða eða fjölbreytt verkefnaskil, verkefnabækur, símat, munnleg próf, jafningjamat, sjálfsmat o.fl.

Leshraðapróf eru þrisvar yfir árið. Einnig er greinandi lestrarpróf Logos lagt fyrir og Orðarún – lesskilningsverkefni er lagt fyrir tvisvar yfir veturinn og GRP- 14 stafsetningarhluti er lagður fyrir einu sinni.

Í hefðbundinni ritun er gefin einkunn fyrir byggingu og stíl, málfar, efnistöð og stafsetningu.

Í 8. – 10. bekk ætti nemandi að geta lesið 140 – 210 orð á mínútu.

Tillögur að námsefni fyrir 9.bekk

Kveikjur lesbók kafla 2, 3 og 10 og verkefnabók. Neistar og verkefnabók.

Uppflettibækur: Málfinnur, Skrifinnur og Hugfinnur. Heimir (handbók um heimildaritun). Beinagrindur (handbók um ritun)

Málfræði: Gullvör 2, Orðhákur 2, Finnur 2, Málið í mark: óbeygjanleg orð.

Bókmenntir: Með Fjaðrabliki, Skilaboð móttækin, Léttlestrarbækur heimsbókmenntir Innrásin frá Mars, Baskerville hundurinn, Hvítklædda konan og Silas Marner. Strákurinn í röndóttu náttfötunum, Milljón Holur, Hrafinkelssaga Freysgoða eða Kjalnesingasaga, Sjóræninginn, Það á plánetunni jörð, Mályrkja 2.

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild (Aðalnámskrá grunnskóla bls. 210).

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- greint á milli einstakra tilvika og alhæfinga. Getur nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra,
- fundið, sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir/orðadæmi bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar, lagt mat á lausnir, m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim,
- sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll,
- fundið rök fyrir og rætt um fullyrðingar um stærðfræði, skilið og metið röksemdir sem settar eru fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- sett fram og notað mismunandi framsetningu sama fyrirbæris, hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi,
- lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess,
- tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni,
- valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnarleiðir m.a. með notkun upplýsingatækni,
- rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni,
- undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði m.a. með því að nota upplýsingatækni,
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð m.a. með því að spyrja markvisst,

- tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins,
- nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum m.a. með notkun tölvutækni og gert sér grein fyrir hvenær slíkt er gagnlegt og við hæfi,
- lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar.

Tölur og reikningur

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum N , Z , Q og R ,
- fundið tölugildi og nýtt helstu reiknireglur um það,
- notað frumþáttun við styttingu brota og átti sig á því að ein tala gengur upp í annarri ef allir frumþættir hinnar fyrri felast í hinni seinni,
- útskýrt hugtökin: mengi, stak, hlutmengi, sammengi og sniðmengi,
- notað sætiskerfisrithátt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann,
- skoði eðli tugakerfisins með því að bera það saman við önnur talnakerfi, s.s. sexundarkerfi eða tvíundarkerfi,
- fundið ferningsrót og ferningstölu, teningsrót og teningstölu og kunni skil á útreikningum með þeim,
- ritað tölur á staðalformi og hafi náð tökum á margföldun og deilingu talna á staðalformi,
- gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu,
- breytt endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot með gefinni nákvæmni,
- skipt stærðum í margvíslegum hlutföllum og unnið með mælikvarða og hlutföll,
- notað reglur sem gilda um einslaga marghyrninga til þess að finna óþekktar stærðir,
- leyst viðfangsefni sem spröttin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni og tölvur í þeim tilgangi,
- notað veldareglur um heiltöluveldi,
- nýtt formerkjareglur í reikningi með neikvæðum tölum,
- reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru,
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum,

- beitt algengum prósentureikningi þar sem finna þarf prósentu, hluta og heild og geti nýtt sér breytibátt til að reikna út breytingar í prósentum,
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim,
- fundið samlagningarandhverfur, margföldunarandhverfur með því að nýta þekkingu sína á hlutleysu í samlagningu og margföldun,
- reiknað samsett dæmi af ýmsu tagi með því að nýta forgangsörð aðgerða,
- notað hugarreikning til að meta trúverðugleika útkomu sem fengin er með öðrum hætti.

Algebra

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum,
- notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu til að einfalda táknaðsamstæður,
- notað þáttun og liðun til að einfalda stæður og jöfnur,
- leyst einföld orðadæmi með því að setja upp og leysa fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð,
- greint muninn á jöfnu og stæðu,
- einfaldað og leyst fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð,
- ákvarðað lausnir á jöfnum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum.

Rúmfræði og mælingar

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma,
- notað hugtökin radíus, strengur, þvermál, hringgeiri og bogi úr hring,
- teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum,
- unnið með einslaga flatarmyndir og tengsl þeirra við hlutföll,
- útskýrt reglu um hornasummu í marghyrningi, út frá reglunni um hornasummu þríhyrnings og beitt henni í margvíslegu samhengi,
- gert rannsóknir á réttthyrdum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum,
- mælt og reiknað ummál marghyrnings og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu,
- mælt og reiknað flatarmál marghyrnings og samsettra flatarmynda og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu,
- reiknað yfirborðsflatarmál ferstrendings,

- mælt og reiknað þvermál, ummál og flatarmál hrings og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu,
- reiknað flatarmál hringgeira og lengd boga,
- mælt og reiknað rúmmál réttra strendinga og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu,
- breytt á milli lítrakerfisins og rúmmálskerfisins,
- nýtt tölvur til að teikna, rannsaka og setja fram rök um rúmfræðilegar teikningar,
- sett fram einföld rúmfræðileg rök og sannanir og túlkað táknmál algebru með rúmfræði,
- fundið og skráð hnit punkta, geti fundið fjarlægðir milli punkta með gefin hnit og fundið hnit miðpunkts striks í rétthyrndu hnitakerfi,
- sett jöfnu beinnar línu fram í hnitakerfi,
- unnið með samhverfur í skreytilist og búið til mynstur með beitingu rúmfræðilegra færslna,
- túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær,
- lesið út úr jöfnu beinnar línu hallatölu og skurðpunkt við y-ás,
- skráð jöfnu beinnar línu með því að lesa út úr grafi í hnitakerfi hallatölu hennar og skurðpunkt við y-ás.

Tölfræði og líkindi

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn,
- notað hugtökin tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi,
- sett fram og túlkað niðurstöður með myndrænum hætti,
- skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim,
- notað tölvuforrit, t.d. töflureikna til að vinna með tölfræðileg gögn,
- lesið, skilið og lagt mat á upplýsingar um líkindi sem birtar eru á formi tölfræði, t.d. í fjölmiðlum,
- greint villur eða villandi upplýsingar í framsetningu tölulegra gagna,
- framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar,
- notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.

Leiðir

Í stærðfræðináminu er mikilvægt að viðhafa fjölbreyttar kennsluaðferðir. Áhersla er á að nemendur öðlist hæfni í stærðfræði og að þeim séu skapaðar aðstæður til merkingarbærs stærðfræðináms. Þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í námi sínu t.d. með rannsóknum sem tengjast þeirra eigin daglega lífi og umhverfi. Þannig verða viðfangsefnið verðug og áhugaverð fyrir nemendur og þeir geta átt samskipti um stærðfræði. Með þessu fá nemendur tækifæri til þess að nota þá þekkingu sem þeir búa

yfir og þróa með sér dýpri skilning á stærðfræðinni. Nemendur vinna ýmist einir eða saman og taka tillit hver til annars. Áhersla er lögð á nákvæmni þannig að hver og einn geti gert grein fyrir aðferðum sínum við lausn verkefna og þrauta, skráð lausnarferlið á skipulegan hátt og fært munnlega rök fyrir máli sínu. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til þess að vinna að verkefnum sem hæfa hans getu og að þeim hæfniviðmiðum sem henta honum þó að námsþættirnir séu þeir sömu innan nemendahópsins. Þannig er stuðlað að einstaklingsmiðun í stærðfræðikennslunni.

Á unglingsstigi er áfram áhersla á hugarreikning en auk þess mikil áhersla á nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum og að nemendur fái tækifæri til þess að nýta sér tölvutækni til þess að leysa verkefni og efla þar með skilning sinn á stærðfræðinni.

Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er órjúfanlegur þáttur frá námi og kennslu í stærðfræði. Það er afar mikilvægt að fylgjast með hvernig nemendum tekst að ná þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram hverju og sinni og í framhaldi af því að leiðbeina nemendum um áframhaldandi nám.

Í upphafi hvernar annar eru sett fram hæfniviðmið og vægi námsþátta sem unnið verður að á önninni, þannig ætti nemendum að vera fullljóst að hverju beri að stefna, hvað verði mælt og hvernig verði metið.

Áhersla er lögð á fjölbreytni í námsmati þar sem notast er við munnleg, verkleg og skrifleg verkefni, sjálfsmat, einstaklingsverkefni, hópverkefni, próf o.fl.

Samræmt könnunarpróf í stærðfræði er lagt fyrir í mars ár hvert og eru niðurstöður sendar forráðamönnum nemenda og skóla.

Tillögur að námsefni

Grunnefni	Skali 2a Nemendabók Skali 2b Nemendabók Almenn stærðfræði II Almenn stærðfræði II Átta- tíu 3 Átta- tíu 4
Ítarefni	Skali 2a Æfingahefti Skali 2b Æfingahefti Vinkill 2 Námsmatsverkefni Töflureiknar - þemahefti Gullinsnið - þemahefti Mælingar um víða veröld - þemahefti Þælingar í stærðfræði - þemahefti
Vefefni og forrit	http://www.mms.is Math Duel GeoGebra Doodlecast Pro Numbers

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Í Aðalnámskrá fyrir grunnskóla í samfélagsfræði hafa greinar verið settar saman og í stað þess að ræða um sögu, landafræði, lífsleikni, þjóðfélagsfræði o.s.frv. hafa verið sett upp hæfniviðmið sem vinna á að með nemendum. Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrennt; reynsluheim nemenda, hugarheim og félagsheim. Megnið af hæfniviðmiðunum í hugarheiminum og félagsheiminum falla undir lífsleikni sem er hluti af allri kennslu í samfélagsfræði og eru þess eðlis að unnið er með þau öll á hverju ári í 8.-10. bekk og því eru þau öll talin upp í byrjun ásamt hluta af reynsluheimsmarkmiðunum sem dreifast þó meira á árganga. Mikilvægt er að líta sérstaklega á markmiðin sem vinna á að og velja námsefni út frá því án þess að vera sérstaklega að huga að „gömlu greinunum“.

Félagsheimur: Samskipti

Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðum,
- útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttisáttmálum hátt,
- fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum,
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum,
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn og í samstarfi við aðra,
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi,
- sýnt sjálfsgaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,
- ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis,
- útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur,
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaeið,
- sinnt velferð og hag samferðafólks síns.

Hugarheimur: Sjálfsmynd

Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum,
- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund,
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd,
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar,
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðanir á sjálfstæðan og ábyrgan hátt,
- lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta,
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði,
- greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum,
- sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.

Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning

Hæfni nemanda til að skilja veruleikann

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs,
- ígrundað víxlverkun, samfélags, stjórnamála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar,
- sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf,
- fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars,
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni,
- greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum,

- gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun,
- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu,
- gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismati í sögu og sameiginlegum minningum,
- gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta,
- greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,
- útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga,
- fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins,
- tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði,
- bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysaöldrum í umhverfinu og náttúrunni.

Leiðir

Samfélagsgreinar eru oft samþættar bæði náttúrufræði og íslensku. Einnig er reiknað með að kennsla á tæknibúnað s.s. spjaldtölvur og tölvur fari fram í samfélagsfræðitímum því að snjalltæki og önnur tækni er mikið notuð í kennslu greinanna.

Lögð er áhersla á hópvinna en með henni má nálgast ýmis markmið samfélagsgreina í gegnum samræður og samvinnuverkefni sem ala síðan af sér samkennd og skilning.

Leitaraðferðir henta vel til að kynna nemendum vísindaleg vinnubrögð og veita þeim þjálfun í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti. Í handbókinni *Litróf kennsluafærðanna* eftir Ingvar Sigurgeirsson má finna margar góðar tillögur að leiðum. Söguaðferðin er ein af þeim aðferðum sem helst hefur verið notuð í skólanum en ákveðnir rammar fylgja hverjum árgangi sem tengjast kennsluefni og markmiðum þess árgangs. Söguaðferðin tengist líka sérstöðu skólans t.a.m. í gegnum vettvangsferðir og með henni er auðvelt að nýta upplýsingatækni. Mikilvægt er að þjálfarar nemendur í að afla sér upplýsinga, vinna með þær, gera að sínum og miðla síðan til annarra. Samþætting við aðrar námsgreinar s.s. náttúrufræði og íslensku er hentug. Bekkjjarfundir verða vikulega þar sem nemendur þjálfast í að ræða málefni sem tengjast þeim sjálfum, námi þeirra, samskiptum og því hvernig skóla þeir vilja hafa.

Námsferðir sem nemendur í 9. bekk fara í og tengjast samfélagsgreinum:

- gönguferð að hausti
- Skólabúðir á Laugarvatni að vori

Námsmat

Kennsla, nám og námsmat mynda eina heild og mikilvægt að nemandi fái reglulega að vita um stöðu sína í náminu í samræmi við námskrá, hæfniviðmið og viðfangsefni nemenda. Mikilvægt er að námsmatið sé fjölbreytt og gefi heildstæða mynd af hæfni nemandans. Það þarf að vera sanngjarnt og sýna þekkingu, leikni og hæfni nemandans. Megintilgangur er að kanna stöðu nemenda, nota það til að leiðbeina þeim um námið til að ná markmiðum þess. Metið er á þann hátt að niðurstöður nýtist sem best nemendum, kennurum og foreldrum.

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir og matsgögn sem fyrst og fremst byggja á markmiðum lykilhæfni og haldið er til haga í ferilmöppu nemanda.

Sjálfbærni er eitt af þeim hugtökum sem unnið er markvisst með í tengslum við samfélagsgreinar, þá sérstaklega landafræði og lífsleikni. Hugtakið felur helst í sér að skila jörðinni til næstu kynslóðar á sem byggilegastan hátt. Til þess þurfum við að vekja nemendur til umhugsunar um lifnaðarhætti okkar með gagnrýnum augum, hvað við getum gert betur, og að lítil skref hafa áhrif til góðs.

Landafræði

Tillögur að námsefni

Um víða veröld – heimsálfur. Höf: Hilmar Egill Sveinbjörnsson

Sjálfbærni, grunnþáttur menntunar

Ítarefni

Heimshorna á milli – þróunarlönd. Lesbók og vinnubók. Höf: Þórdís Sigurðardóttir

Landafræði handa unglingum 2. hefti. Höf: Göran Andersson og Arvid Joelsson

Landafræði, maðurinn, auðlindirnar og umhverfið. Höf: Peter Östman

Rómanska – Ameríska. Höf: Sigurður Hjartarson

Umhverfisbókin Höf: Claes Sjöberg og Bo Thunberg

Saga

Tillögur að námsefni

Styrjaldir og kreppa. Saga 20. Aldar 1. Höf: Veinan Hellerdu, Ketil Knutsen, Sigríð Moen. Þýðandi Gunnar Karlsson.

Sjálfbærni, grunnþáttur menntunar.

Ítarefni

Stríðsárin á Íslandi 1939-1945. Höf: Jenný Björk Olsen og Unnur Hrefna Jóhannsdóttir

Sjálfstæði Íslendinga Höf: Gunnar Karlsson 14. kafli

Íslands saga í stuttu máli. Höf: Gunnar Karlsson

Efni á veraldarvefnum

Kvikmyndir sem tengjast efninu og íslenskukennslunni

www.skolavefurinn.is

www.nams.is

www.menntagatt.is

Lífsleikni

Í lífsleikni er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar þar sem byrjað er á að vinna verkefni sem eru listuð í 6 vikna áætlun í *Verkfærakistunni*. Samskipti og félagshæfni eru stór hluti þess að vera í samfélagi við aðra og eru þessir þættir eru þjálfaðir og æfðir samkvæmt verkferlum frá KVAN sem er að finna inn á sameign.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna kveða á um ýmsa þætti sem tengjast mannréttindum og jafnrétti sem lífsleiknikennsla í skólum vinnur með.

Bekkjarfundi er nauðsynlegt að hafa reglulega og meðvitað með nemendum. Tillögur að fyrirkomulagi fyrir slíkra fundi má finna í KVAN verkefnabanka.

Vinna þarf að forvörnum en þær felast í þáttum eins og:

- heilbrigður lífsstíll
- uppeldi til ábyrgðar
- geðrækt
- einelti /heilbrigði
- hreyfing
- svefn
- mataræði
- jafnrétti
- mismunandi fjölskyldugerðir /hinsegin fólk
- fordómar /minnihlutahópar /útlendingar, fatlaðir
- umferðarfræðsla
- hjálmanotkun
- tannvernd
- kynfræðsla
- að standast neikvæðan þrýsting
- tóbaksvarnir
- áfengi /fíkniefni
- fjármálafræðsla

Náttúrufræði

Hæfniviðmið. Stefnt skal að því að nemendur geti:

Náttúrufræðikennsla býður upp á fjölbreyttar leiðir til að kynnast hugtakinu sjálfbærni en sjálfbærni er bæði einn af grunnþáttum menntunar og eitt af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Nýsköpun er einnig eitt af Heimsmarkmiðunum en eins og kemur fram hér að neðan fjallar náttúrufræðikennsla um hana.

Geta til aðgerða

- Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum sem fela í sér úrbætur.

- Greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif.
- Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.
- Dregið upp mynd af því hvernig menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf tengjast breytingum á umhverfi og tækni.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni.
- Metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglíngastigsins.

Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
- Geta lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.
- Dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.

Ábyrgð á umhverfinu

- Sýnt fram á getu til að vinna að umbótum í eigin sveitarfélagi eða í frjálsum félagasamtökum.
- Tekið eftir og rætt atriði úr umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því.
- Rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi.
- Tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta.

Að búa á jörðinni

- Skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni.
- Útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar.
- Útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu.
- Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar.

Lífsskilyrði manna

- Útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun.
- Útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu.
- Útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annara.
- Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna ásamt því að þekkja flæði þeirra.
- Rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó.

Náttúra Íslands

- Útskýrt þarfir ólíkra lífvera lífvera í ólíkum vistkerfum.
- Tekið dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.
- Lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi.
- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.

Heilbrigði umhverfisins

- Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun.
- Rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna.
- Sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.
- Nýtt frumeindakennunguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti.
- Útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Fjallað á gagnrýninn hátt um aukaefni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol matvæla.
- Útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar.
- Útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum.
- Útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns.

- Skýrt tengsl mannfjöldaþróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum.

Leiðir

Áskoranir í náttúrufræðinámi eru margs konar og hæfni sem þarf til að takast á við þær krefst skipulagðrar vinnu, aga og skapandi ímyndunarafls. Nemendur þurfa að öðlast hæfni til að fylgjast með, afla gagna, mæla og meta það sem fengist er við en jafnframt að tjá sig um reynslu sína, vinnuaðferðir og niðurstöður. Niðurstöður má setja fram og miðla á ýmsan hátt t.d. skriflega með tölum, orðum og myndrænt, munnlega, leikrænni tjáningu og með aðstoð rafrænna miðla.

Mikilvægt er að þjálfa nemendur í að fylgja fyrirmælum (sérstaklega í verklegum æfingum). Kennsluhættir náttúrufræði fela í sér hópa- og einstaklingsvinnu, þar sem kurteis, jákvæðni í samskiptum og gagnrýnin hugsun eru hornsteinar þess að leysa þau verkefni sem lögð eru fyrir. Nemendur þurfa að þjálfast í að sýna frumkvæði, færa rök fyrir máli sínu og vera skapandi við vinnu og lausn verkefna, en jafnframt gagnrýnin á eigin vinnu og þær upplýsingar sem nýttar eru. Við upplýsingaöflun þarf að nýta mismunandi miðla, geta unnið úr upplýsingunum á gagnrýninn hátt og miðlað til annarra.

Nemendur þurfa að læra að nýta tímann sinn vel og gefast ekki upp þótt verkefni séu krefjandi. Mikilvægt er að nemendur þjálfast í að nálgast öll verkefni með jákvæðu hugarfari.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat. Megin tilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemanda gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum og feli í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra. Sérstök áhersla lögð á vinnubrögð, hópstarf og sjálfsmat.

Tillögur að námsefni

Blikur á lofti

Eðlisfræði 1 og 2 valdir kaflar um rafmagn, hljóð og ljós

Eðlisfræði 3

Efnisheimurinn

Jörð í hættu

Maður og náttúra

Um stelpur og stráka

Verður heimurinn betri

Erlend tungumál

Enska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum (sbr. Aðalnámskrá). Á yngsta stigi eru flokkarnir færri, og samofnir hver öðrum í 1.bekk, en þegar ofar dregur fjölgar þeim og þeir eru settir fram í aðskildum flokkum. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild (Aðalnámskrá bls. 132).

Við lok 9.bekkjara getur nemandi:

Hlustun

- geti hlustað eftir aðalatriðum í texta
- skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti
- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim

Lesskilningur

- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög
- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið á annan hátt

Samskipti

- tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í
- séu færir um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar við kennara og samnemendur
- skilji talaða ensku í tengslum við verkefnavinnu, bæði fyrir mæli og leiðbeiningar
- tekist á við margskonar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum
- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda

Frásögn

- geti sagt frá viðfangsefnum sínum á skýran og skipulegan hátt
- beiti þeim orðaforða sem unnið hefur verið með
- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra
- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum
- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi

Ritun

- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt
- geti skrifað skipulegan og skiljanlegan texta í samfelldu máli
- þjálfist í rétttri stafsetningu algengra orða
- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín
- skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við
- hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda
- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu

Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra
- Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mála og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu

Námshæfni

- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja
- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingaforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni

- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf

Málfræði

- kunni að beita nútíð og þátíð reglulegra og óreglulegra sagna
- tíðir og kennimyndir sagna
- þolmynd sagna
- tíðaratviksorð og háttaratviksorð
- sagnirnar *to have* og *to be*
- kunni að beita fornöfnum og afturbeygðum fornöfnum
- kunni að beita nafnorðum, lýsingarorðum, raðtölum og greini
- kunni að beita helstu ábendingarfornöfnum, spurnarfornöfnum, persónufornöfnum og tilvísunarorðum
- kunni að stígbreyta lýsingarorð
- kunni að setja nafnorð í reglulega og óreglulega fleirtölu
- eignarfall nafnorða
- kunni að beita ákveðnum og óákveðnum greini
- orðaröð
- forsetningar
- spurnarsetningar
- kunni að beita *there and it, would and should, some and any*

Leiðir

Mikilvægt er að viðhalda áhuga og jákvæðu viðhorfi til tungumálsins með fjölbreyttum kennsluáðferðum, m.a. með því að höfða til áhugasviðs nemenda. Nauðsynlegt er að skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á að nemendur auki og bæti orðaforða auk færni í málnotkun í ensku og ákveðnum framburðaratriðum. Hlustun og tal er þjálfað markvisst með samtölum, hlustun á texta, upplestri og fleira. Mikilvægt er að nemendur læri að nýta sér fjölmörg tæki upplýsinga- og samskiptatækninnar. Orðaforðinn og skilningur dýpkaður, unnið með fjölbreytta ritun og málfræði.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat. Megintilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemandi gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum, að það sé heildstætt og að allir þættir námsins séu metnir, má þá ekki undanskilja þann munnlega. Það þarf að fela í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra. Matið byggist jafnt á hæfniviðmiðum, sem eru sett fram í byrjun hverrar annar þannig að nemendum ætti að vera fullljóst að hverju beri að stefna, og svo lykilhæfnipáttunum.

Tillögur að námsefni

Spotlight 9 lesbók og vinnubók

Ensk léttlestrarbók t.d.

- *If I stay*
- *The Outsiders*
- *Stormbreaker*
- *Money Run*

Ensk frjálslestrarbók

Dagblöð, tímarit og efni á netmiðlum

Ýmis verkefni frá kennara

Kvikmyndir/þættir

Tónlist

Ýmis öpp tengd námsefni

Danska

Hæfniviðmið

Hlustun

Að nemandi geti:

- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum
- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni
- fylgist með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta
- skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti
- fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt
- hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur

Að nemandi geti:

- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- lesið sér til gagns og gamans einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara

- lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluðu ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf t.d. tómstundir og ferðalög.

Samskipti

Að nemandi geti:

- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar
- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal
- skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu
- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf
- bjargað sér við algengar aðstæður t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.

Frásögn

Að nemandi geti:

- sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt
- greint frá, endursagt og lýst atburðum, athöfnum eða reynslu með stuðningi gátlista, mynda, tónlistar o.s.frv.
- sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum
- flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa
- flutt einfalda undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun

Að nemandi geti:

- skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- skrifað texta að mismunandi gerðum með stuðningi t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda
- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, vinum og umhverfi
- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst
- samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín
- sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.

Menningarläsi

Að nemandi geti:

- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, svo sem landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða
- sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í dönsku eru lík og skyld öðrum tungumálum sem hann þekkir
- sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja, barnabóka, leikja, söngva og ævintýra
- sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu
- sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Námshæfni

Að nemandi geti:

- beitt lykilmálsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorða ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram
- beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða
- beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með eða án stuðnings kennara
- nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér og skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi
- tekið þátt í samvinnu um ýmiskonar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja
- nýtt sér öll helstu hjálpartæki s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, uppfletirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingaforrit, tungumálaforrit og leitarvélar og umgengist þau af gagnrýni.

Orðaforði og málfræði

- fatnaður og fylgihlutir, víkingar, fjölmiðlar, stjörnumerkin og fleira
- Sagnorð, persónufornöfn, óákveðinn og ákveðinn greini nafnorða, kyn nafnorða, eintala og fleirtala, lýsingarorð, spurnarfornöfn og forsetningar.

Leiðir

Mikilvægt er að viðhalda áhuga nemenda og jákvæðu viðhorfi til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem þeir geta notað málið á fjölbreyttan hátt og tengt áhugasviði þeirra. Áhersla er lögð á að nemendur auki og bæti orðaforða auk færni í málnotkun í dönsku og ákveðnum framburðaratriðum. Nemendur vinna með sama orðaforðann á fjölbreyttan hátt og ná þannig betri tökum á málinu. Fjölbreyttar námsleiðir eru lykilatriði í kennslunni og að töluð sé danska.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat með lykilhæfniþætti að leiðarljósi. Megin tilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemanda gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum og feli í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra.

Tillögur að námsefni

Tak, Smil, Dejlige Danmark, Grammatik málfræðihefti, einfaldar lestrarbækur, kvikmyndir, tónlist, vefefni, ýmis öpp og fleira efni frá kennara.

List- og verkgreinar

Leiklist

Hæfniviðmið

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta.

Tilraunir með mismunandi frásagnaraðferðir, málfar, málsnið og blæbrigði tungumálsins eru mikilvægur hluti af sköpunarferlinu í leiklist. Í listforminu er hið óyrta þó ekki síður mikilvægt en hið talaða mál og þannig reynir það á tjáningu í víðasta skilningi þess orðs.

Leiklist er list augnabliksins. Leiklistarkennslan getur tekist á við þau mál sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni og brenna á nemendum. Leiklist er einnig í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listgreinar koma saman. Hún nýtist vel til þess að auðga og styrkja kennslu í greinum eins og móðurmáli, samfélagsfræði, sögu og erlendum tungumálum og getur þannig gegnt lykilhlutverki í samþættingu námsgreina og námssviða. Leiklistin felur einnig í sér fjölda leikja og æfinga sem geta krafist mikillar líkamlegrar virkni og útrásar.

Þótt sköpunarferlið sé ekki síður mikilvægt en afurðin í leiklist, er mikilvægt að reglulega gefist tækifæri til þess að hampa afrakstri vinnunnar í formi kynninga og leiksýninga. Þegar allir leggjast á eitt við uppsetningu leiksýningar styrkjast stoðir jafnréttis og lýðræðis í skólastarfinu auk þess sem slíkir viðburðir hafa jákvæð áhrif á samkennd nemenda og skólaandann og gefa tækifæri til samstarfs heimilis og skóla (Aðalnámskrá grunnskóla bls. 145-146).

Hæfniviðmið í leiklist koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

Sameiginleg hæfniviðmið sem unnið er með í 8.-10. bekk með því markmiði að við lok 10. bekkjar geti nemandi:

- unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum,
- bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist,
- valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu. Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla,
- nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt,
- prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta,
- túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína,
- valið milli forma og stíls í eigin sköpun og rökstutt val sitt,
- skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist,
- rökrætt leikið efni á sviði og í myndmiðlum á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það að nokkru leyti í menningarlegt

Í 9. og 10. bekk, verður val nemenda verklegra í alla staði. Þeir hafa kost á að velja sér leiklist allan veturinn vilji þeir það. Þá einkennist vinnan að því að setja upp afraksturinn og sýna áhorfendum.

Því markmiðin eru að nemendur sem ljúka því námi eiga að:

- vera færir um að taka virkan þátt í skapandi ferli í samvinnu við aðra
- geta í hlutverki túlkað sjónarmið annarra í rituðum texta
- geta skapað persónu og túlkað viðhorf hennar bæði munnlega og skriflega
- hafa öðlast öryggi og sjálfstraust til að tjá hugsun sína, tilfinningar og hugmyndir
- geta með látbragði túlkað einfaldar aðstæður
- geta staðið upp og tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær
- geta flutt og túlkað texta á áheyrilegan hátt úr pontu
- geta þróað leikspuna í tengslum við námsefni
- geta tekið þátt í að skapa og móta mismunandi gerðir leikþátta þar sem blandað er saman margs konar aðferðum leikrænnar tjáningar og tækni leikhússins
- geta tekið þátt í að skipuleggja sýningar fyrir áhorfendur
- skilja og greina aðalatriðin í leiktexta
- geta fjallað um blæbrigði raddarinnar

- geta tekið virkan þátt í umræðum um leiksýningar og notað til þess viðeigandi orðaforða
- geta lagt mat á leiksýningar sem nemendur taka þátt í eða sjá í leikhúsi og sjónvarpi, á upplýstan og greinargóðan hátt og gert grein fyrir forsendum
- vera fær um að taka á skapandi hátt þátt í mótun á leikrænu ferli
- geta í hópi notað stutta leikspuna út frá námsefni
- geta á einfaldan hátt skapað persónur og túlkað viðhorf þeirra til einhvers málefnis
- geta túlkað hlutverk í litlum leikþáttum
- geta túlkað athafnir með látbragði
- geta flutt stutta ræðu úr pontu á áheyrilegan hátt
- geta tjáð skoðanir sínar á ákveðnu málefni
- geta tekið þátt í að skipuleggja leikrænt ferli þar sem rými, hljóð og aðrir möguleikar leikhússins eru nýttir (eftir því sem skólar hafa tök á)

9. og 10. bekkur

Þar er vali hátað á þann veg að boðið er upp á smiðjur. Nemendur geta valið hverja fyrir sig eða allar smiðjurnar. Hver smiðja stendur þó ein og sér. Áherslan verður sú að ná lokamarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

1. **smiðja. Söngleikur/Árshátíð.** Nemendur eru leikarar í söngleik. Þeir fá að upplifa að vinna við alla þætti leiklistar. Handritalestur, persónusköpun, leikmyndagerð, búningagerð, förðun, lýsing leiksýningar o.fl.. Sýningin verður svo frumflutt á Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar.
2. **smiðja . Frá handriti til sýningar.** Sett verður upp örleikrit þar sem nemendur fara í alla þætti leiklistar. Handritalestur, persónusköpun, leikmyndagerð, búningagerð, förðun, lýsing leiksýningar o.fl.. Sýningin verður svo frumflutt í lok smiðjunnar. Hugsanlega verður einhver vinna fyrir utan stundatöflu.
3. **smiðja. Trúðleikur.** Nemendur finna trúðinn í sjálfum sér. Allir eiga sinn innri trúð. Þeir sem velja þessa smiðju fara í grunnatriðin í trúðleik. Þar er leikurinn háður nokkrum reglum sem nemendur læra. Síðan eru búin til atriði sem sýnd eru fyrir elsta stig leikskólans sem og yngsta stig grunnskólans.

Námsmat

Kennari metur lykilhæfni nemenda líkt og í öðrum greinum Grunnskóla Hornafjarðar. Einnig meta nemendur sjálfan sig út frá þessum lykilhæfniþáttum. Í leiklist fá nemendur bókstafi í einkunn og umsögn frá kennara sem miðar að því að byggja upp nemandann til áframhaldandi starfa.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið skv. Aðalnámskrá í heimilisfræði í kafla 21.10 segir „Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir.“ Grunnskóli Hornafjarðar er heilsueflandi skóli og starfar undir merkjum Grænfánans. Í Heimilisfræðikennslu grunnskólans er tekið mið af þessum stefnum og nemendum kennt að matreiða mat sem hefur góð áhrif á heilsuna. Markmiðið er að nemendur læri grunnfærni í næringarfræði s.s. þekki fæðuhringinn, þekki næringarefni og hlutverk þeirra í líkamanum, geti notað næringarefnatöflur og forrit og geti sett saman máltíðir skv. ráðleggingum Lýðheilsustöðvar.

Í heimilisfræði læra nemendur um sjálfbærni sem er eitt af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og einn af grunnþáttum menntunar.

Hæfniviðmið í heimilisfræði skiptast í fjóra flokka og koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

Matur og lífshættir

- Geti tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar
- Þekki áhrif hollrar fæðu á heilsuna og sérhver einstaklingur ber ábyrgð á eigin fæðuvali
- átti sig á mikilvægi hreinlætis á öllum sviðum. Bæði við meðferð og geymslu matvæla.
- Geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd

Matur og vinnubrögð

- fái þjálfun í að nota algeng eldhúshöld og tæki
- geti matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best
- geri sér grein fyrir slyshættum á heimilinu og kunni að varast þær

Matur og umhverfi

- Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni
- Átti sig á uppruna matvæla
- Geti skili einfaldar umbúðamerkingar og metið gæði og útlit matvæla og hvar sé best að geyma þau.

Matur og menning

- Geti tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar hefðir í matargerð.

Heimilisfræði er valáfangi í 9. bekk. Eftirfarandi valáfangar eru kenndir:

Mexíkósk matargerð

Við ætlum að kynna okkur það helsta í mexíkóskri matargerð og það sem einkennir hana.

Grænt og vænt

Í þessari smiðju munum við læra að útbúa bragðgóðan mat úr grænmeti og baunum. Ferskt og flott.

Brauð og kökur

Hér munum við læra að baka bæði brauð og kökur í þessari smiðju. Eitthvað gott, fljótlegt og einfalt.

Léttir réttir

Lögð verður áhersla á að útbúa létt og ferska rétti sem einfalt er að matreiða og eru léttir í maga.

Leiðir

Kennslan fer fram í formi innlagna, sýnikennslu, umræðna, verklegra æfinga, einstaklingsvinnu og hópinnu. Nemendur fá tækifæri á að nýta sér spjaldtölvur við vinnu sína. Umræður mikilvægi þess að hafa gott hráefni og nemendum gert grein fyrir hvað það kostar að reka heimili. Nemendur átti sig á því að þeir bera ábyrgð á sinni eigin heilsu með sínu neyslumynstri.

Námsmat

Einkunnir í tölustöfum. Byggt á símati og sjálfsmati nemenda og verkefnavinnu.

Tillögur að námsefni

Heimilisfræði II og III

Heimilisfræði fyrir unglíngastig

og ýmis ljósrit

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Yfirmarkmið í hönnun og smíði koma fram í aðalnámskrá grunnskóla 2013 í kafla 21.11. Sameiginlegt hæfnimarkmið í list og verkgreinum er menningarlausni. Til viðbótar í hönnun og smíði eru handverk, hönnun og svo tækni og umhverfi.

Helstu markmið í hönnun og smíði í 9. bekk eru að nemendur geti

- Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra
- Útskýrt hugmyndir sýnar fríhendis og með grunnteikningu
- Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað
- Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s samlímingu, töppun og skrúfun
- Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu

- Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval
- Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra
- Beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna

Leiðir

Helstu leiðir að þessum markmiðum eru í formi innlagna og sýnikennslu þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Að öðru leyti er kennslan einstaklingskennsla.

Námsmat

Námsmat fer fram alla veturinn í formi leiðsagnarmats þar sem nemandinn fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig nemandinn geti bætt sig. Lykilhæfnin er höfð til hliðsjónar í matinu.

Einnig er lögð áhersla á sjálfsmati nemenda þar sem hugað er að þeim þáttum eins og sjálfstæði, vinnusemi, vönduð vinnubrögð, frumkvæði og samskipti

Hönnun og smíði er valáfangi í 9. bekk. Sem dæmi um valáfanga má nefna:

Trésmíði I

Morgunverðarbakki, kistill, fuglahús,

Málmsmíði

Málmsmíðaverkefnið verða t.d. skeið, bókamerki og skartgripir s.s. hálsmen, nælur o.fl.

Trésmíði II

Skemill, kollur, borð, hillu,

Gamalt verður nýtt

Gamlir munir lagfærðir og gerðir eins og nýjir

Textílmennt

Hæfniviðmið

Sameiginlegt hæfnimarkmið í list og verkgreinum er menningarläsi. Til viðbótar í textílmennt eru eftirfarandi: handverk, aðferðir og tækni; sköpun, hönnun og útfærsla; menning og umhverfi.

Þau markmið sem áhersla er lögð á í 9. bekk eru að nemendur geti:

- Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna
- hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði
- Skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga
- Beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt
- Sett verkefni sín í menningarlegt samhengi
- Tjáð sig um og metið verkefni sín og annarra og rökstutt álit sitt með rétttri hugtakanotkun.
- Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinar við formun textílafurða
- Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði
- Unnið með snið og uppskrifti, tekið má, áætlað stærðir og efnisþörf
- Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu
- Lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök.
- Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði
- Fjallað um hestu tákn og merkingar vefjarefna
- Sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd

Textílmennt er smiðjuáfangi kenndur í 8 vikna lotum.

Tillögur að námskeiðum:

Fatasaumur 1 & 2

Prískiptar smiðjur með mismunandi áherslum

Prjón

Hekl

Útsaumur

Þæfing

Námskeið með mismunandi þemum

Leiðir

Beytt er fjölbreyttum kennsluáðferðum s.s. samvinna, einstaklingvinna, sýnikennsla og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námsmat

Símat er notað við umsögn nemandans, þar sem lykilhæfnin er höfð til hliðsjónar. Við mat í textíl er allt ferlið skoðað en ekki eingöngu lokastikkið.

Sjónlistir- Myndmennt

Í Grunnskóla Hornafjarðar er áhersla á list og verkgreinar. Megintilgangur með því námi er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Jafnvægi á milli bóklegra greina og verklegra gefur nemendum jafnari tækifæri á að finna hæfileikum sínum farveg.

Í myndmennt gefst kennara tækifæri til að samtvinna myndmenntakennsluna með öðrum kennslugreinum. T.d. er gott að æfa heiti litanna á öðrum tungumálum en íslensku, nota stærðfræðihugtök við myndgerð, hálf, heilt, hluta... Auðvelt er að nota bókmenntatexta og ljóð til að kynna nemendum með það verkefni að þau myndskreyti eða túlki textann.

Öll markmið sem unnið er með í bekkjarnámskrá koma fram í kafla 21.2 og 21.6 í *Aðalnámskrá Grunnskóla* sem aðgengileg er inn á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Í 9. bekk er myndmennt val og kennt í mismunandi námskeiðum. Áherslur á námskeiðunum eru mismunandi og markmiðin sem unnið er með í hvert sinn líka. Hér eru markmið sem unnið er með í námskeiðunum, ekki er unnið með öll markmiðin í hverju námskeiði.

Hæfniviðmið

- Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
- Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði
- Tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir
- Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir
- Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla
- Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun
- Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt
- Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært fyrir þeim rök
- Gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu
- Greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs
- Túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu

- Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunnar og sett hann í persónulegt, menningarleg og sögulegt samhengi

Leiðir

Myndmennt er val í efstu bekkjum grunnskóla og þeir sem velja myndmennt ættu að hafa áhuga á sköpun og tjáningu í gegnum myndlist. Fjölbreytt námskeið eru í boði og áhersla er á að nemendur geti unnið sjálfstætt frá hugmynd til lokaafurðar. Áhersla er að skapa nemendum það frelsi sem þeir þurfa til að geta unnið að sínum hugmyndum. Oft er unnið út frá kveikju og þá fá nemendur það frelsi sem þeir þurfa til að klára verkefnið á sinn hátt og nýta eigin kunnáttu .

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat sem fer fram með símati. Lykilhæfni er höfð til hliðsjónar matinu. Þættir sem meðal annars er horft til eru vandvirkni, sjálfstæði, iðni og sköpun. Eins eru verkefnin sjálf metin og umgengni. Á þessu stigi skiptir sköpun og frumkvæði miklu máli.

Tillögur að námskeiðum

Akrýlmálun

Leir

Mótun

Blýantsteiknun

Endurvinnsla

Gifs

Pappírsgerð

Margskonar myndlist

Listasaga

Frægir listamenn erlendir/innlendir

Skúlptúr og samtímalist

Grafík

Skissuvinna

Upplýsinga- og tæknimennt - Nýsköpun og tölvur

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni,

upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemandi þarf að þekkja helstu leiðir að öruggum netsamskiptum og standa vörð um gott siðferði í öllu námi.

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með grunnþátt menntunar, Sköpun.

Upplýsinga- og tæknimennt fellur einnig undir níunda Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Nýsköpun og uppbygging.

Lögð er áhersla á að nýta fjölbreytt gögn, s.s. bækur, búnað, tölvur og margvíslegan hugbúnað til þekkingaröflunar, sköpunar og miðlunar.

Hæfniviðmið

Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 9. bekk er að nemandi geti:

- Vinnulag og vinnubrögð
 - Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
 - Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
 - Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
 - Beitt réttri fingrasetningu.
 - Unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.
- Upplýsingaöflun og úrvinnsla
 - Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
 - Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
 - Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
 - Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
 - Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.
 - Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.
- Tækni og búnaður
 - Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.
 - Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
 - Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.
- Sköpun og miðlun
 - Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.

- Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.
- Siðferði og öryggismál
 - Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
 - Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.

Leiðir

Unnið er með margvíslegar kennsluáferðir. Í grunninn eiga nemendur að kynna þeim tölum, öppum og verkfærum sem skólinn leggur áherslu á og notar til að nálgast markmiðin. Þarna er átt við lausnir eins og Google heimurinn býður uppá og notendaviðmótið sem opnast með því að nemendur fá aðgang að skýjalausnum gegnum xxnotendanafn@skolapostur.is. Í gegnum margvísleg verkefni öðlast nemendur færni í að nýta sér þennan notendaheim. Einnig bjóða I-pad og I-mac tölur upp á margvíslega möguleika til sköpunar í margskonar verkefnum. Nemendur öðlast færni í notkun margvíslegra forrita og finna leiðir til að samnýta mismunandi öpp við úrlausnir verkefna.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat sem fer fram með símati. Lykilhæfni er höfð til hliðsjónar matinu. Þættir sem meðal annars er horft til eru þrautsegja, sjálfstæði, iðni og sköpun. Eins eru verkefni sjálf metin og samvinna.

Tillögur að námsefni/verkefnum

- Margvísleg ritunarverkefni í google doc
- Sjálfsmynd í google drawings
- Kynning á ákveðnu viðfangsefni í google slides
- Forritun í gegnum keynote
- Forritun í gegnum google slides
- Forritunaröpp - Codespark, Code.org, Move the box ofl.
- Green screen verkefni

Fab lab hönnunarsmiðja

Nemendum í 7.-10.bekk gefst kostur á að fara í fab lab hönnunarsmiðju sem rekin er af sveitarfélaginu. Fab Lab (Fabrication Laboratory) er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur nemendum tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Við það að kynna tækjabúnaði smiðjunnar fá nemendur innsýn í hvernig hægt er að hanna og framleiða

hluti í heimabyggð ásamt því hvernig hægt er að endurnýta hluti með sjálfbærni að leiðarljósi.

Hæfniviðmið

Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í smiðjunni er að nemandi geti:

- Hönnun og smíði
 - Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.
 - Sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi.
 - Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
 - Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.
 - Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval.
 - Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra.
- Menningarlæsi
 - Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
 - Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
 - Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.
- Upplýsingaöflun og úrvinnsla
 - Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
 - Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Tækni og búnaður
 - Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
- Sköpun og miðlun
 - Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Leiðir

Unnið er með margvíslegar kennsluáðferðir. Í grunninn eiga nemendur að kynna þeim tækjum, forritum og verkfærum sem til staðar eru í fab lab aðstöðu sveitarfélagsins. Þarna er átt við tæki eins og laser- og vínyskera, þrívíddarprentara viðarfræsara og iðntölvum. Nemendur fá aðgang að skýjalausnum í gegnum bæði dropbox og google drive til að halda utan um bæði námsefni og vinnu sína. Nemendur

hanna afurðir í hverju tæki fyrir sig og kynnast þeim forritum sem mest er notuð í tengslum við tækin t.d Inkscape og Autodesk fusion.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat sem fer fram með símati. Lykilhæfni og hæfniviðmið eru höfð til hliðsjónar matinu. Þættir sem meðal annars er horft til eru þrautsegja, sjálfstæði, iðni og sköpun.

Tillögur að námsefni/verkefnum

- Náms efni af fablab ísland á youtube
- Inkscape kennsluefni frá kennara
- Verkefnahefti um forritun á arduino iðntölvum
- Verkefni í laser og vínylskera
- Verkefni í autodesk fusion
- Verkefni í viðarfræsara

Skólaíþróttir og sund

Íþróttir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin í skólaíþróttum eru fjögur, þessir þættir eru:

- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
- Félagslegir þættir
- Heilsa og efling þekkingar
- Öryggis og skipulagsreglur

Hér að neðan eru svo markmiðin sem fylla þessa fjóra flokka.

Þau markmið sem megin áhersla er lögð á í 9. bekk eru:

- efla líkamshreysti og heilsufar nemenda
- vekja áhuga og skilning á mikilvægi reglubundinnar íþróttaiðkunnar
- bæta færni nemenda í íþróttum, þ.e. grófhreyfingar og fínhreyfingar
- veita nemendum alhliða þekkingu á íþróttum og líkamsrækt
- efla áræði, sjálfstraust, viljastyrk og aga hjá nemendum
- kynna sem flestar íþróttagreinar yfir veturinn svo allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Leiðir

Kennsla fer fram í íþróttasal, Báranni og úti á íþróttavelli. Leitast er við að ná til allra með einum eða öðrum hætti með markvissum æfingum og leikjum. Ýmsar kannanir verða gerðar á líkamsástandi nemenda, s.s. hreyfiþroska-, þol- og liðleikapróf .

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá lykilhæfni á fyrstu og annari önn. Á þriðju önn er gefið lokamat og einkunn. Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat.

Eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar við einkunnargjöf:

- hvernig tekur nemandi tilsögn kennara
- hvernig er ástundun, virkni og vinnusemi nemandans
- hvernig tekst nemanda að vinna með reglur og samskipti við aðra.

Við námsmat gildir hegðun, ástundun og virkni.

Tillögur að námsefni

Æfingar og leikir með ýmsum áhöldum, helstu íþróttagreinar og Glíma - þjóðaríþrótt Íslendinga.

Sund

Hæfniviðmið

Nemendur í 9. bekk fá eina kennslustund í viku yfir veturinn.

Hæfniviðmiðin í skólaíþróttum eru fjögur, þessir þættir eru:

- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
- Félagslegir þættir
- Heilsa og efling þekkingar
- Öryggis og skipulagsreglur

Hér að neðan eru svo markmiðin sem fylla þessa fjóra flokka.

Þau markmið sem megin áhersla er lögð á í 9. bekk eru að nemendur:

- haldi áfram að bæta tækni og hraða í helstu sundaðferðum, s.s. bringusundi, skriðsundi, baksundi. Áhersla á flugsund.
- vekja áhuga hjá nemendum á sundi sem líkamsrækt.
- geta sett sér skammtíma og langtímamarkið í sundi.
- Þjálfist í sundaðferðunum.

Leiðir

Sundkennsla fer fram í sundlaug Hafnar.

Kennsla fer þannig fram að kennari miðlar þekkingu með undirstöðuatriðum hvernar sundaðferðar þ.e.a.s. sýna, æfa, leiðbeina og endurtaka.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá lykilhæfni á fyrstu önn og á annari önn ef þurfa þykir. Á þriðju önn er gefið lokamat og einkunn. Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat.

Eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar við einkunnargjöf:

- hvernig tekur nemandi tilsögn kennara.

- hvernig er ástundun, virkni og vinnusemi nemandans.
- hvernig tekst nemanda að vinna með reglur og samskipti við aðra.
- Framfarir og þrautseigja.

Tillögur að námsefni

Æfingar og leikir með ýmsum áhöldum. Skólasund (kennarahandbók), námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1.-10. bekk.